

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *Minnisblað*

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 20.05.2016  
Málsnúmer: FJR15080075  
Bréfalykill: 3.7

Efni: Athugasemdir við fyrra minnisblaðs fjármála- og efnahagsráðuneytsins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.) þsk. 963 - 589. mál

### **Stjórnvaldssektir á grundvelli 110. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.**

Í minnisblaði sem sent var efnahags- og viðskiptanefnd hinn 6. maí sl. og innihélt viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins (ráðuneytisins) við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (þskj. 963. – 589. mál) voru lagðar til breytingar á 110. gr. laganna. 110. gr. laganna kveður á um heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot gegnum lögnum eða afleiddum reglum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Í minnisblaðinu lagði ráðuneytið m.a. til að fimm nýir töluliðir bætist við 1. mgr. 110. gr. laganna sem innihalda heimildir fyrir Fjármálaeftirlitið (FME) til þess að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á tilgreindum ákvæðum. Nánar tiltekið fyrir brot gegn 78. gr. a (útlána- og mótaðilaáhætta), 78. gr. c (samþjöppunaráhætta), 78. gr. e (markaðsáhætta), 78. gr. g (rekstraráhætta) og 78. gr. h (lausafjáráhætta) og reglum sem settar eru á grundvelli 1. og 2. mgr. 79. gr. laganna sem fjallar um áhættuþætti sbr. 78. gr. a – 78. gr. i og meðhöndlun þeirra.

Ástæður þess að ráðuneytið leggur til þessar breytingar á frumvarpinu eru nánar reifaðar í fyrra minnisblaði. Ráðuneytið hefur nú tekið þessa þætti til nánari skoðunar og leggur til breytta útfærslu. Eins og fram kemur í fyrra minnisblaði ráðuneytisins kveður d-liður 1. mgr. 67. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á um að heimild skuli vera til staðar í landsrétti aðildarríkjanna til þess að leggja stjórnvaldssektir á þau fjármálafyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum 76. – 95. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 76. – 87. gr. tilskipunarinnar eru innleiddar hér á landi með 78. gr. a – 79. gr. laganna.

Í 79. gr. laganna er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að setja reglur um meðhöndlun sérhvers áhættuþáttar samkvæmt 78. gr. a – 78. gr. i laganna til að útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækja samkvæmt umræddum ákvæðum. Umræddar greinar voru innleiddar með lögum nr. 57/2015 sem samþykkt voru síðasta sumar. Lög nr. 57/2015 voru fyrsta skrefið í innleiðingu CRD IV/CRR regluverksins hér á landi.

Að mati ráðuneytisins er ákjósanlegra að kveða á um umræddar regluheimildir í sömu ákvæðum og fjalla um áhættuþættina þ.e. í 78. gr. a – 78. gr. i fremur en að kveða sérstaklega um hvern áhættuþátt í sérákvæði og kveða á um heimildir til þess að setja reglur um þá í öðru en þó skyldu ákvæði. Ráðuneytið leggur því til að breytingar verði gerðar á 78. gr. a -79. gr. laganna með það að markmiði að gera lögin skýrari og aðgengilegri. Ráðuneytið leggur því til

eftirfarandi breytingar á 78. gr. a – 79. gr. laganna:

a. Við 78. gr. a laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun útlána- og mótaðilaáhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

b. Við 78. gr. b laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun eftirstæðrar áhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

c. Við 78. gr. c laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun samþjöppunaráhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

d. Við 78. gr. d laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun áhættu vegna verðbréfunar og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

e. Við 78. gr. e laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun markaðsáhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

f. Við 78. gr. f laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

g. Við 78. gr. g laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun rekstraráhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

h. Við 78. gr. h laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur í samræmi við 2. mgr. 79. gr. um meðhöndlun lausafjáraáhættu og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

i. Við 78. gr. i laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um meðhöndlun áhættu vegna óhóflegrar vogunar og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt greininni.

j. 2. másl. 1. mgr. 79. gr. laganna falli á brott.

Ráðuneytið leggur því einnig til að stjórnvaldssektarheimildir sem lagðar voru til í fyrra minnisblaði og bættust við 1. mgr. 110. gr. laganna orðist því svo eftir breytingar sem lagðar eru til í þessu minnisblaði:

51. 78. gr. a um meðhöndlun útlána- og mótaðilaáhættu,

52. 78. gr. c um samþjöppunaráhættu,

53. 78. gr. e um markaðsáhættu,

54. 78. gr. g um rekstraráhættu,

55. 78. gr. h um lausafjáraáhættu,

Ekki eru lagðar til breytingar á tillögum að nýjum 56. – 58. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna eins og þær koma fram í fyrra minnisblaði.